

9. fundur

Priðjudaginn 20. febrúar 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 17.05.

Mætt voru. Siggeir Stefánsson, Aðalbjörn Arnarsson, Árni Davíð Haraldsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Marinó Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Þórir Jónsson auk Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Óskaði eftir að bæta á dagskrá, undir 4. lið til afgreiðslu, “Aðalfundur Veidifélags Hafralónsár” og var það samþ. samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- | Hreppsnefnd, 19.01.07. Lögð fram.
- | Hreppsnefnd, 29.01.07. Lögð fram.
- | Byggðaráð, 19.01.07. Lögð fram.
- | Byggðaráð, 08.02.07. Lögð fram.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að sveitarfélagið verði stofnaðili að samstarfssamningi á milli sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um sameiginlegt eldvarnareftirlit, sameiginlegan rekstur og eignarhald á búnaði til að bregðast við mengunarslysum og samstarf um menntun og þjálfun slökkviliðsmanna til að sinna þessum verkum. Fyrirvari er þó gerður um að komið verði til móts við athugasemdir sem gerðar hafa verið, af hálfu Langanesbyggðar, við samningsdrögin (samanber tölvupóstsamskipti á milli aðila 10. og 11. október 2006).

Hreppsnefnd Langanesbyggðar leggur jafnframt til að búnaðarumsjón og starfsemi vegna almannavarna á svæðinu verði falin slökkviliðum og falli undir b- og d-liði 3. gr. samningsins.

Sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra er falið að sjá um samninga fyrir hönd sveitarfélagsins vegna þessa”.

Samþykkt samhljóða.

- | Fræðslu- og menningarnefnd, 05.02.07.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að vísa óskum um viðbótarframlag vegna viðhalds og stækkunar skólamanntvirkja til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2007”. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

- | Atvinnumálanefnd, 06.02.07.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir starfsreglur atvinnumálanefndar eins og þær eru framsettar í 5. gr. fundargerðar nefndarinnar. Einnig samþykkt að sveitarstjóri kanni, á grundvelli fram kominna hugmynda um akstursþróttasvæði í landi Sóleyjarvalla, hver kostnaður við gerð slíks svæðis yrði og jafnframt verði umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd sent málið til umsagnar”

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

Eyþing - Stjórnarfundur, 05.01.07. Lögð fram.

Eyþing – Þingmannafundur, 11.01.07. Lögð fram.

Eyþing – Stjórnarfundur, 09.02.07. Lögð fram.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, 98. fundur. Lögð fram.

3. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu.

4. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar:

- | Samband ísl. sveitarfélaga. - Námskeið fyrir fulltrúa í skóla- og félagsmálanefndum.
- | Skipulagsstofnun. Breyting á byggingareglugerð nr. 441/ 1998.
- | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. - Reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra.
- | Menntamálaráðuneytið. Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk, stefnumótun í málefnum barna og ungs fólks.
- | Samband ísl. sveitarfélaga. Námsferðir á vegum sambandsins.

Til afgreiðslu.

- | Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 432 mál, skilgreining veiða í atvinnuskyni.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar varar við þeim neikvæðu áhrifum sem 1. gr. frumvarpsins kann að hafa á starfsemi ferðapjónustuaðila. Æskilegt er að skoðað verði hvort ekki megi heimila ferðapjónustubátum að landa öllum afla sínum sem Hafróafla, kjósi þeir svo”. Samþykkt samhljóða.

- | Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 459. mál. úthlutun byggðakvóta.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar telur eðlilegt að ábyrgð og ákvörðun varðandi úthlutun byggðakvóta verði áfram í höndum ríkisins en að sveitarfélögin annist nánari útfærslu reglna á einstökum svæðum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Hreppsnefnd felur byggðaráði og sveitarstjóra Langesbyggðar að undirbúa úthlutunarreglur í samræmi við 10. gr. laga nr. 116/2006. Byggðaráð og sveitarstjóri skulu eiga samráðsfundi með útgerðaraðilum á svæðinu vegna málsins. Umræddar úthlutunarreglur þarfnast staðfestingar hreppsnefndar til að öðlast gildi”.

Samþykkt samhljóða.

- | Frumvarp til veglaga 437. mál. heildarlög.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar gerir athugasemd við 9. gr. frumvarpsins og telur nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir því hvaða vegi sé átt við í ákvæðinu þar sem fram kemur að nokkrir stofn- og tengivegir í þéttbýli teljist til sveitarfélagavega verði frumvarpið að lögum. Að öðru leiti mælir hreppsnefnd Langesbyggðar með samþykkt frumvarpsins”. Samþykkt samhljóða.

- | Heilbrigðisráðuneytið. Drög um reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar gerir ekki athugasemd við reglugerðardrögin”. Samþykkt samhljóða.

- | Heilbrigðisráðuneytið. Drög að reglugerð um smásölu tóbaks.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar gerir ekki athugasemd við reglugerðardrögin”. Samþykkt samhljóða.

- | Landsamtök landeigenda. stofnaðild.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar samþykkir að gerast stofnaðili að LANDSSAMTÖKUM LANDEIGENDA. Samtökin hafa það meginmarkmið að berjast gegn kröfum ríkisins í svokölluðu þjóðlendumáli. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu”. Samþykkt samhljóða.

- | Samband ísl. sveitarfélaga. Norræna skólaráðstefnan. “Bránnpunkt Norden 2007” í Reykjavík dagana 10 og 11 maí n.k.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“Hreppsnefnd Langesbyggðar samþykkir að senda fulltrúa á ráðstefnuna sem haldin verður í Reykjavík dagana 10. og 11. maí nk. Æskilegt er að skólastjórar beggja grunnskólanna sækja ráðstefnuna ásamt, sveitarstjóra, fulltrúa úr hreppsnefnd og fulltrúa úr fræðslu- og menningarnefnd.

Sveitarstjóra falið að óska eftir tilnefningu frá fræðslu- og menningarnefnd”. Samþykkt samhljóða.

- ┆ Þistill ehf. Afgreiðsludæla fyrir báta við höfnina.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umsagnar í hafnarnefnd.

- ┆ Þistill ehf. götulýsing í Stórholti.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2007.

- ┆ Lífeyrissjóður Norðurlands. Ársfundur 09.03.07.

Samþykkt samhljóða að senda ekki fulltrúa á ársfundinn.

- ┆ Tækifæri fjárfestingasjóður.

Nýting forkaupsréttar að fölum hlutum.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“ Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt sinn að fölum hlutum í Tækifæri fjárfestingasjóði en veitir sveitarstjóra umboð til að selja eignarhlut hreppsins í félaginu miðað við að söluandvirði nemi að lágmarki nafnvirði bréfanna (kr. 143.866,-)”. Samþykkt samhljóða.

- ┆ Samband ísl. sveitarfélaga . XX1 landsþing 23. mars 2007.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri fari á landsþingið fyrir hönd sveitarfélagsins.

- ┆ Aðalfundur Veiðifélags Hafralónsár. Fundarboð.

Samþykkt samhljóða að Siggeir Stefánsson fari með umboð Langanesbyggðar inn á aðlafund Veiðifélags Hafralónsár, 24. feb. 2007.

5. Mál. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar.

Erindisbréf.

Erindisbréf fyrir **atvinnumálanefnd, fræðslu- og menningarnefnd, íþrótt- og tómstundanefnd og umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd** staðfest af hreppsnefnd. Sveitarstjóra falið að afhenda formönnum nefnda staðfest erindisbréf.

6. Mál. Byggðamerki Langanesbyggðar.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“ Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að byggðamerki og er sveitarstjóra falið að ganga frá uppgjöri og samningi um nýtingu við hönnuð þess, Steinbjörn Logason”. Samþykkt samhljóða.

7. Mál. Samgönguáætlun 2007 – 2018.

Eftirfarandi bókun lögð fram.

“ Hreppsnefnd Langanesbyggðar fagnar því að ráð skuli vera gert fyrir því í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun að ljúka framkvæmdum við norðausturveg um Hólaheiði. Hvetur hreppsnefnd samgönguyfirvöld til að hraða útboði vegna þessa verks eins og frekast verður unnt svo eyða megi í eitt skipti fyrir öll þeirri óvissu sem ríkt hefur um umrædda framkvæmd”.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir hins vegar yfir vonbrigðum sínum með að ekki skuli vera gert ráð fyrir því, hvorki í tillögu að fjögurra ára samgönguáætlun né í tillögu að samgönguáætlun til 2018, að lokið verði við lagningu bundins slitlags á þjóðveginum á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Eins og bent hefur verið á áður þá er um að ræða vegkafla sem gegnir veigamiklu hlutverki fyrir hið nýja sveitarfélag, Langanesbyggð. Ítrekaðar eru því þær óskir sveitarfélagsins sem settar voru fram á hreppsnefndarfundi 4. janúar sl.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við samgönguráðherra, samgöngunefnd, Vegagerð og þingmenn kjördæmisins”.

Samþykkt samhljóða.

Dagskráin tæmd, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.